



Canon

Bókhladan

Verð kr. 45.900 m/vsk

Canon



- Prentastærð: 100x100 mm (A4)
- Prentunartíðni: 17 ark. á mínútu í smá + 12 ark. á mínútu í stórum st. + 100 ark. pappirgerð
- Pappir: 60 gsm pappr, smátt, High Gloss, T-stær, transfer paper + útlitshæfileysi v.t.
- Stærðir: 24/36 ark. B3+1000 + 800 ark.
- Hugvörðun: 100.000 / 100.000 / 100.000
- Tengi: Bidirectional Parallel/USB v.1.1

ÓRÁÐ | FRÉTTABLAÐ | Á VESTFJÖRDUM

# Bæjarins besta

Miðvikudagur 13. nóvember 2002 • 46. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: [www.bb.is](http://www.bb.is) • Netfang: [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is) • Verð kr. 200 m/vsk

## Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi fór fram á laugardag

# Einar Kristinn og Einar Oddur með mest fylgi allra frambjóðenda

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hlaut fyrsta sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi um helgina. Mjög litlu munaði á atkvæðafjölda í fyrsta sætið hjá Sturlu og Vilhjálmi Egilssyni og skildu þar aðeins 41 atkvæði. Athygli vekur, að ráðherrann fékk einungis 24,7% atkvæða í fyrsta sætið en Vilhjálmur fékk 24% atkvæða í fyrsta sæti.

Í öðru og þriðja sæti í prófkjörinu urðu Einar K. Guðfinnsson og Einar Oddur Kristjánsson. Þeir fengu mjög örugga kosningu í þau sæti og hlutu langmest heildarfylgi af öllum frambjóðendum tíu, Einar Kristinn 80% og Einar Oddur 77,2%. Hvorugur þeirra stefndi að fyrsta sæti

inu heldur að „öruggu sæti“. Í fjórða og fimmta sæti urðu Guðjón Guðmundsson og Vilhjálmur Egilsson. Í sjötta og sjöunda sæti urðu Jóhanna

Pálmadóttir og Birna Lárusdóttir og munaði einungis fjórum atkvæðum á þeim. Ástæða þess, að Vilhjálmur Egilsson var mjög nálægt því

að hreppa efsta sætið en lenti samt í því fimmta er sú, hversu miklu fleiri atkvæði hann hlaut í fyrsta sætið en næstu sætin á eftir. Vilhjálmur hefur

gert alvarlegar athugasemdir við framkvæmd prófkjörsins og telur að sigurinn hafi verið hafður af honum með brögðum. Sjá nánar frétt á bls. 3.



## Hinir veraldlegu hlutir eru lítils virði

– segir Sigríður Hrönn Elíasdóttir í Súðavík um viðhorf sitt til lífsins. Sjá viðtal í miðopnu

## Metaðsókn að Menntaskólanum á Ísafirði

# Fyrrverandi nemendur snúa heim á ný

Aldrei hafa eins margir nemendur og nú stundað nám við Menntaskólann á Ísafirði. Nemendur í dagsskóla eru nú 310 talsins en séu öldungadeild skólans og almennt meistaranám tekin með í reikninginn eru nemendur á bilinu 370-380. Aðeins einu sinni áður hefur fjöldi nemenda farið yfir 300. Það var árið 1999 þegar

mjög stór árgangur útskrifaðist úr grunnskólum alls staðar á landinu.

„Nú hefur 300 nemenda múrinn verið rofinn öðru sinni og er það athyglisvert í ljósi þess að frekar lítill árgangur kom upp úr grunnskólunum í haust. Nú skilar herra hlutfall grunnskólanemenda sér inn í Menntaskólann, en þar að auki hefur fjöldi gamalla nem-

enda sem höfðu hætt eða farið í aðra framhaldsskóla snúið aftur“, segir Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði.

Fljótlega eftir skólasetningu í haust fór að bera á því að nemendur sem freistað höfðu gæfunnar sunnan heiða væru að snúa aftur. Fjöggun nemenda eftir skólasetningu hefur verið óvenjumikil að

þessu sinni og hafa nemendur verið að bætast við á síðustu vikum.

Aðspurð um ástæður þess að nemendur snúi aftur í auknum mæli og herra hlutfall grunnskólanemenda sækir skólann segir Ólína að margt samverkandi liggi þar að baki. „Við hljótum að vera að gera eitthvað rétt. Foreldrar senda börnin hingað í ríkari mæli en

áður og krakkar vilja frekar koma. Tiltrú á skólanum virðist vera að aukast, sem aftur eykur kröfurnar á okkur sem stöndum að skólanum. Það er ögrandi verkefni að rísa undir auknum væntingum, en við munum að sjálfsögðu leggja okkur fram um að viðhalda því sem áunnist hefur“ segir skólameistari.

**SAMKAUP!**

**OPÍÐ:**

Virka daga kl. 09 - 21

Laugardaga kl. 10 - 21

Sunnudaga kl. 12 - 21

Verið velkomin!

**SAMKAUP!**

**NEISTA**

HAFNARSTRÆTI 9-13

SÍMI 456 5460

**Skip og bíll**

Heildarlausn í flutningum

**EIMSKIP** **Flytjandi**

[www.eimskip.is](http://www.eimskip.is) • Sími 456 5500 [www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is) • Sími 456 5100

**Útgefandi:**

H-prent ehf.  
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður  
Sími 456 4560,  
Fax 456 4564

**Ritstjóri:**

Sigurjón J. Sigurðsson,  
sími 892 5362, bb@bb.is

**Bláðamaður:**

Hálfdán Bjarki Hálfdánsson  
sími 863 7655,  
halfdan@bb.is

**Ritstjóri netútgáfu:**

Hlynur Þór Magnússon  
sími 892 2240  
blm@bb.is

**Ljósmyndari:**

Halldór Sveinbjörnsson  
sími 894 6125,  
halldor@bb.is

**Ábyrgðarmenn:**

Sigurjón J. Sigurðsson og  
Halldór Sveinbjörnsson

**Fréttavefur:** www.bb.is

**Önnur útgáfa:**

Á ferð um Vestfirði

**Umboðsaðilar BB:**

Eftirladdir aðilar sjá um  
dreifingu á blaðinu á þétt-  
býllisstöðum utan Ísa-  
fjarðar. **Bolungarvík:**

Sólveig Sigurðardóttir,  
Hlíðarstræti 3, sími 456  
7305. **Súðavík:** Sólveig

Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími  
456 4106. **Suðureyri:**

Deborah Anne Ólafsson,  
Aðalgötu 20, sími 891  
7738. **Flateyri:** Gunnhildur

Brynjólfssdóttir, Brimnesveg  
12a, sími 456 7752.

**Þingeyri:** Anna Signý

Magnúsdóttir, Hlíðargötu  
14, sími 456 8233.

**Sölustaðir á Ísafirði:**

**Hamraborg,** Hafnarstræti  
7, sími 456 3166. **Flug-  
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,  
sími 456 4772. **Bónus,**

Ljóninu, Skeiði, sími 456  
3230. **Bókhlaðan,** Hafn-  
arstræti 2, sími 456 3123.

**Bensinstöðin,** Hafnarstræti,  
sími 456 3574. **Samkaup,**  
Hafnarstræti 9-13, sími 456  
5460. **Krilló,** Sindragata 6,  
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 200  
eintakið m.vsk. Áskriftarverð  
er kr. 170 eintakið. Veittur  
er afsláttur til elli- og  
örorkulífeyrisþega. Einnig  
sé greitt með greiðslukort.



Júlíus Geirmundsson ÍS 270.

**Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. í Hnífsdal**

# Júlíus kominn yfir milljarð króna á árinu

Frystitogarinn Júlíus Geir-  
mundsson, flaggskip Hrað-  
frystihússins-Gunnvarar hf. í  
Hnífsdal, hefur nú skilað  
meira en eins milljarðs króna  
aflaverðmæti til útgerðarinnar  
á árinu. Skipið kom til hafnar  
á Ísafirði á mánudag með um

275 tonn af afurðum eða 523  
tonn upp úr sjó. Verðmæti aflans í túrnum  
er rétt um 100 milljónir og  
þar með skriður heildarverð-  
mæti þess afla sem skipið hef-  
ur skilað á árinu yfir milljarð  
króna. Löndun úr skipinu

hófst á mánudag en það fer  
aftur til veiða á föstudag.  
Þess má geta, að afli Júlíus-  
ar á fiskveiðiárinu 2001-2002  
eða frá byrjun september til  
ágústloka var liðlega fimm  
þúsund tonn og aflaverðmæt-  
ið 1.122 milljónir króna.

**Framsóknarflokkurinn á norðanverðum Vestfjörðum**

# Fjöldi flokksbund- inna hefur tvöfaldast

Flokksbundnum framsókn-  
armönnum á norðanverðum  
Vestfjörðum hefur fjölgað  
mjög á síðustu mánuðum. Fé-  
lagaskrá Framsóknarflokks-  
ins á þessu svæði er nú orðin  
um það bil tvöfalt lengri en  
hún var fyrir sveitarstjórnar-  
kosningar í vor. Í Ísafjarðarbæ  
einum hefur flokksmönnum  
fjölgað um 120 á síðustu  
tveimur mánuðum. Þegar litið  
er á alla norðanverða Vestfirði  
voru félagsbundnir framsókn-  
armenn rétt um 200 í vor eru  
nú um 400. Síðustu átta árin  
þar á undan hafði þeim ekki  
fjölgað nema um rúmlega tíu.

Framsóknarflokkurinn í  
Norðvesturkjördæmi viðhefur  
flokksval á tvöföldu kjördæm-  
isþingi sínu að Laugum í Sæl-  
ingsdal á laugardag þar sem  
raðað verður á lista fyrir kom-  
andi Alþingiskosningar. At-  
kvæðavægi Vestfirðinga hefur

með áðurgreindri fjölgun auk-  
ist í 30% af heildarvægi þeirra  
sem kosningabærir eru í val-  
inu. Framsóknarmenn á Vest-  
urlandi og Norðurlandi vestra  
hafa aftur á móti 35% vægi í  
hvoru hinna gömlu kjördæm-  
anna tveggja.

**Ert þú búin(n)  
að panta auglýsingapláss  
fyrir jólin?  
Síminn er 456 4560**



ÍSAFJARÐARBÆR

**AUGLÝSING UM HÚSALEIGUBÆTUR**

Samkvæmt lögum um húsaleigubætur  
nr. 138/1997, eiga allir þeir sem leigja  
íbúðarhúsnæði, rétt á að sækja um  
húsaleigubætur. Markmið laganna er  
að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra  
leigjenda og draga úr aðstöðumun á  
húsnæðismarkaðnum.

Leigjandi skal eiga lögheimili sitt í  
leiguíbúðinni. Undanþágu frá því hafa  
aðeins þeir sem skráðir eru í nám utan  
síns sveitarfélags. Leigusamningur  
skal vera til minnst sex mánaða og  
vera þinglýstur. Þó þarf ekki að þing-  
lýsa samningum um leiguíbúðir í eigu  
sveitarfélagsins.

Grunnupphæðir bóta á mánuði á árinu  
2003 eru sem hér segir:

Fyrir hverja íbúð kr. 8.000.- og að  
auki bætast við fyrir:

fyrsta barn kr. 7.000.- og fyrir  
annað barn kr. 6.000.- og fyrir  
þriðja barn kr. 5.500.- og til viðbótar  
koma 15% af leiguupphæð sem er  
milli kr. 20.000.- og 50.000. Bætur  
geta aldrei orðið hærri en sem nemur  
50% af leigufjárhæð og að hámarki  
kr. 35.000.

Bæturnar eru tekju- og eignatengdar,  
og er þar átt við samanlagðar tekjur  
og eignir þeirra sem lögheimili/adset-  
tur eiga í viðkomandi leiguhúsnæði og  
eru orðnir 20 ára og eldri.

Eyðublöð fyrir umsókn um húsaleigu-  
bætur liggja frammi á Skóla- og fjöl-  
skylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, bæj-  
arskrifstofunni og hjá þjónustufulltrú-  
um í öðrum bæjarfulltrúum. Einnig er  
hægt að sækja þau á heimasíðu Ísa-  
fjarðarbæjar og prenta þau út.

Allar nánari upplýsingar um bótarétt  
og þau gögn sem þurfa að fylgja um-  
sókn eru veittar á Skóla- og fjölskyldu-  
skrifstofu Ísafjarðarbæjar eða í síma  
450 8001.

RITSTJÓRNARGREIN

# Hvað þarf til að þeir taki við sér?

„Hverra er ábyrgðin ef alvarlegt slys ber að höndum og björgunarmenn, eða aðrir þeir sem fyrstir eru á vettvang, verða handarvana að horfast í augu við að geta ekki náð sambandi við lækna þótt líf liggi við?

Mega vegfarendur um Vestfjarðagöngin vænta svara frá þeim háttvirtu aðilum, sem með málið hafa að gera?

Síður BB standa þeim opnar.“

Tíu mánuðir eru liðnir frá því að leiðara í BB lauk, svo sem að framan greinir. Tílefnið var sameiginleg brunaæfing slökkviliðs- og lögreglumanna á Vestfjörðum í Vestfjarðagöngunum. Æfingin leiddi í ljós mjög alvarlegan brest hvað varðar öryggi þeirra, sem um göngin fara: Hvorki talstöðvar né farsímar virkuðu inni í göngunum. Ef eitthvað ber út af er ekki með neinu móti hægt að ná til lækna nema senda eftir honum líkt og tíðkaðist um miðbik síðustu aldar!

Á laugardaginn var á ný haldin björgunaráfing og sviðsett slys í Breiðadalslegg jarðganganna þar sem rúta með nokkrum fjölda farþega og flutningabifreið áttu

að hafa lent í árekstri, auk þess sem fólksbíll með tveimur mönnum lenti aftan á rútunni. „Á heildina litið held ég að æfingin hafi tekist mjög vel. Einstaka þættir gengu þó ekki nógu vel og var fjarskiptaleysi oft orsök mistaka,“ segir varðstjóri Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar, einn umsjónarmanna æfingarinnar.

Allt frá því að Vestfjarðagöngin voru opnuð hafa þessir annmarkar verið kunnir. Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ, lögregla og slökkvilið hafa ítrekað krafist úrbóta. Erindi þeirra hafa verið hundsud. Síminn lofaði NMT-sambandi 1997! Hvers vegna Ríkisútvarpið hefur skotið sér undan að koma upp búnaði sem gerir mönnum kleift að ná útvarpsendingum í göngunum hafa engin svör fengist við. Þetta er þó talinn þáttur í öryggisneti Hvalfjarðarganga.

Tíu mánuðir liðu á milli æfinga í Vestfjarðagöngunum. Allan þennan tíma hefur ekkert verið gert til að auka öryggi vegfarenda. Í tíu mánuði hafa pólitíkusar og/edá embættismenn, sem ábyrgðina bera, ekki svo mikið sem rumskað!

Hvað þarf til að þeir taki við sér?

s.h.

## Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi

# Nær sex þúsund manns kusu eða um fimmtungur íbúanna

Alls greiddu 5.994 atkvæði í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi sl. laugardag. Þar af voru gild atkvæði 5.789 en auðir seðlar og ógildir voru 205. Íbúafjöldi í kjördæminu er liðlega 30 þúsund manns, þar af um helmingurinn í núverandi Vesturlandskjördæmi en um fjórðungurinn í hvoru hinna kjördæmanna, Vestfjarðakjördæmi og Norðurlandskjör-

dæmi vestra.

Atkvæði féllu þannig, að Sturla Böðvarsson samgönguráðherra fékk 1.433 atkvæði í fyrsta sæti og samtals 3.786 atkvæði eða 65,4%.

Einar Kristinn Guðfinnsson alþingismaður fékk samtals 4.630 atkvæði eða 80%, þar af 1.070 í fyrsta sæti og 1.440 í annað sæti.

Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður fékk samtals

4.469 atkvæði eða 77,2%.

Guðjón Guðmundsson alþingismaður fékk samtals 3.649 atkvæði eða 63%, þar af 1.149 í fyrsta sæti.

Vilhjálmur Egilsson alþingismaður fékk samtals 3.513 atkvæði eða 60,7%, þar af 1.392 atkvæði í fyrsta sæti eða 41 atkvæði færra en Sturla Böðvarsson hlaut í fyrsta sætið.

Jóhanna Erla Pálmadóttir

bóndi fékk samtals 3.839 atkvæði eða 66,3%, Birna Lárusdóttir bæjarfulltrúi fékk 3.835 atkvæði eða 66,2%, Ragnheiður Hákonardóttir bæjarfulltrúi fékk 2.597 atkvæði eða 44,9%, Skjöldur Orri Skjaldarson bóndi fékk 2.254 atkvæði eða 38,9% og Jón Magnússon verkfræðingur fékk 2.162 atkvæði eða 37,3%.

## Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður

# „Markmiðið náðist með afdráttarlausum hætti“

„Ég ákaflega sæll og glaður. Ég hafði sett mér það markmið að ná öðru sætinu þó að auðvitað vildi maður stefna eins hátt og hægt væri. Þetta markmið náðist með mjög afdráttarlausum hætti. Ég fékk afgerandi kosningu í annað sætið eða vel á sjötta hundrad atkvæði í það sæti umfram þann sem næstur kom. Ég fékk líka mjög mikinn stuðning í fyrsta sætið því að það voru yfir þúsund manns sem vildu að ég skipaði forystusætið. Í heildina er útkoman sú, að ég er með flest atkvæði allra frambjóðendanna í próf-

kjörinu og fékk stuðning 80% kjósenda. Ég get ekki verið annað en þakklátur fyrir þennan gríðarlega mikla stuðning og þessa afgerandi kosningu“, sagði Einar K. Guðfinnsson.

„Við getum ekki horft framhjá því að staðan markaðist af því að okkar gamla Vestfjarðakjördæmi hefur einungis um fjórðung af heildarfjölda íbúa í hinu nýja Norðvesturkjördæmi. Við vorum tveir þingmenn Vestfirðinga sem báðir gáfum kost á okkur. Engu að síður varð niðurstaðan þessi hvað mig snertir og fyrir okkur vestfirsku þingmennina eru



Einar Kristinn Guðfinnsson. Úrslitin ákaflega góð, svo ekki sé meira sagt.

Ég vil þakka stuðningsmönnum mínum fyrir það

traust sem þeir sýndu mér. Sérstaklega vil ég þakka öllu því fólki sem hefur lagt nótt við dag til að gera sigurinn sem glæsilegastan, fólki sem kom óumbeðið á kosningaskrifstofuna eða hafði samband með öðrum hætti til þess að leggja mér lið. Árangurinn hefði ekki orðið svona glæsilegur án þessarar liðveislu. Jafnframt ég þakka fjölskyldu minni fyrir þann stuðning sem hún veitti mér á þessum tíma þegar ég var upptekinn að heita má allan sólarhringinn við þetta mikla starf“, sagði Einar K. Guðfinnsson.

## Vandasamt verk hjá uppstillingarnefnd Samfylkingarinnar

# Sr. Karl úti í kuldunum?

Uppstillingarnefnd Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi kom saman á Brú í Hrótafirði um fyrri helgi. Ekki voru teknar þar neinar ákvarðanir um röðun á lista. Í viðræðum við Samfylkingarfólk verður vart nokkurrar undiröldu vegna komandi framboðs líkt og í öðrum stjórnmálaflokkum. Sumir kveða fast að orði um þetta og sagði einn viðmælenda að mjög kraumaði undir. „Það er alveg sama hvað uppstillingarnefndin gerir, það verður allt vitlaust.“ Þegar ákveðið var á kjördæmisþingi að viðhafa uppstillingu en ekki prófkjör fékk nefndin það vegarnesti að í þremur efstu sætum skyldi vera einn úr hverju hinna gömlu kjördæma. Nú eru hins vegar uppi raddir um að Gísli S. Einarsson, þingmaður Vesturlands, verði tilnefndur sem fulltrúi Vestfirðinga á væntanlegum framboðslista.

Þá yrðu hann og Jóhann Ársælsson alþingismaður, en



Sr. Karl V. Matthíasson.

þeir eru báðir búsettir á Akranesi, í tveimur efstu sætum. Í þriðja sæti yrði Anna Kristín Gunnarsdóttir, varaþingmaður í Norðurlandskjördæmi vestra, sem búsett er á Sauðárkróki, en Kristján Möller alþingismaður Samfylkingarinnar í kjördæminu er búsettur á Siglufirði sem eftir kjördæmabreytingu mun tilheyra hinu nýja Norðausturkjördæmi. Úti í kuldunum yrði þá séra Karl V. Matthíasson, 2. þingmaður Vestfirðinga.

Nú hefur Samfylkingin fjóra þingmenn í gömlu kjördæmunum þremur en útilokað má telja að flokkurinn fái nema tvo eða í hæsta lagi þrjá þingmenn vegna fækkunar þingmanna á landsbyggðinni við kjördæmabreytinguna. Svo gæti því farið, að Samfylkingin yrði eini flokkurinn þar sem Vestfirðingar ættu í rauninni engan fulltrúa.

Sr. Karl hefur verið búsettur í Grundarfirði í nokkur ár en áður var hann búsettur á Vestfirðum í tæpan áratug og starfaði sem sóknarprestur og trillukarl á Tálknafirði, Ísafirði og á Suðureyri. Hann er vel kynntur á Vestfirðum en Gísli S. Einarsson hefur það á helst móti sér sem tilvonandi fulltrúi Vestfirðinga að þeir þekki hann minna, auk þess sem hann er búsettur eins fjarri Vestfirðum og kostur er í hinu nýja kjördæmi.

Ekki fer dult í samtölum við Samfylkingarmenn, að enn skortir nokkuð á að límið

sem heldur saman Alþýðubandalagi og Alþýðuflokki sé þornað. Verkefni uppstillingarnefndar virðist afar erfitt, þar sem óhjákvæmilegt virðist að taka tillit til hinna gömlu flokka við uppstillingu, fyrir utan að hyggja að gömlu kjördæmunum og passa upp á kvennakvótann eins og hinir flokkarnir verða að gera. Nefndin fékk hins vegar engin tilmæli frá kjördæmisþinginu í þeim dúr. Sú hugmynd hefur komið upp, að uppstillingarnefndin skili ekki einni tillögu að skipan lista til kjördæmisþings, heldur tveimur eða fleiri sem síðan yrði kosid um.

Viðmælandi á Ísafirði sagði að Samfylkingarmenn á Vestfirðum teldu sig komna yfir það að láta gömlu skiptinguna í Alþýðubandalagsmenn og Alþýðuflokksmenn þvælast fyrir sér. Þess má geta, að í þessari viku átti að halda fund í Samfylkingunni í Ísafjarðarbæ þar sem framboðsmálin yrðu meðal annars rædd.

## Vilhjálmur Egilsson, alþm.

# Segir brögðum hafa verið beitt

„Ég er mjög þakklátur og stoltur af mínu stuðningsfólki. Ég tel að við höfum gert okkar besta og fengið nægilega mörg atkvæði til að sigra, en ég tel að þau brögð sem menn beittu á Akranesi hafi haft af okkur sigurinn. Þetta var tíu manna hópur, jafnvel fleiri, sem gengu með kjörgögn í fyrirtæki og bönkuðu upp á heima hjá fólki“, segir Vilhjálmur Egilsson alþingismaður, sem var hársbreidd frá því að hreppa fyrsta sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins en lenti í staðinn í fimmta sæti.

Þegar Vilhjálmur var spurður hvort umrædd atkvæði hafi ekki verið úrskurðuð ógild, sagði hann:

„Þeir voru búnir að vera allmarga daga í þessu, viku eða eitthvað slíkt. Mér finnst ekki trúverðugt að helstu kosningasmalar Akraness hafi ekki getað haft fleiri en 80 atkvæði upp úr krafsinu. Svo eftir að málið kemur upp er þeim sjálfum algerlega treyst til að sigta út þessi atkvæði. Þeir gera enga skilagrein með þessu, engar upplýsingar um það hvaða menn hefðu verið á ferðinni, í hvaða fyrirtæki hefðu verið farið og hver gert hvað. Síðan þegar þeir komu með



Vilhjálmur Egilsson.

atkvæðin á talningarstað í Borgarnesi er búið að rífa upp öll umslög og setja í kassa, svo ekki er nokkur leið til að tékka á þessu. Allt sem er í kringum þetta hjá þeim er þess eðlis að þetta er ótæk framkvæmd á kosningunni“, segir Vilhjálmur.

Aðspurður um frekari viðbrögð segir Vilhjálmur: „Ég ætla bara að tala um þetta, ég veit ekki hvort hægt að fara með þetta eitt-hvað lengra. Valdið liggur hjá kjördæmisráðinu.“ Þegar Vilhjálmur er spurður hverjir eða stuðningsmenn hverra hafi staðið að umræddri atkvæðasöfnun segir hann: „Þingmenn Vesturlandskjördæmis horfðu á þetta. Ég er ekki að segja að Sturla hafi staðið fyrir þessu sjálfur, heldur hans stuðningsmenn.“

## Lokað prófkjör Framsóknarflokksins

# Fimm stefna á fyrsta sætið

Frestur til að tilkynna framboð fyrir prófkjör Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi rann út um síðustu helgi en prófkjórið verður haldið á kjördæmisþingi að Laugum í Sælingsdal á laugardaginn. Þrettán manns gefa kost á sér í prófkjörinu. Þar af eru fimm sem gefa kost á sér í fyrsta sæti: Páll Pétursson félagsmálaráðherra, alþingismennirnir Kristinn H. Gunnarsson í Bolungarvík og Magnús Stefánsson í


Ólafsvík, Árni Gunnarsson á Sauðárkróki og Þorvaldur T. Jónsson í Hjarðarholti í Borgarfirði.

Aðrir frambjóðendur eru Albertína Elíasdóttir, Ísafirði, Birkir Þór Guðmundsson, Reykjavík, Egill Heiðar Gíslason, Reykjavík, Elfr R. Línadal, Húnaþingi vestra, Eydís Línadal Finnboga-dóttir, Akranesi, Herdís Á. Sæmundsdóttir, Sauðárkróki, Ingi Björn Árnason, Skagafirði, og Ragna Ívarsdóttir, Snæfellsnesi.

## Verslunarhúsnæði til leigu

Til leigu er verslunarhúsnæði á besta stað í bænum sem skiptist í verslunarhæð, ca. 65m<sup>2</sup> og lager og vinnuástöðu í kjallara, ca. 35m<sup>2</sup>. Laust 1. desember.

Upplýsingar veita Heiðrún Björk í síma 891 7743 og Axel Eiríksson í síma 861 3321.



### Náttfatapartí á Sólborg

Náttfatadansleikir voru haldnir á leikskólanum Sólborg á Ísafirði í síðustu viku. Börn og fóstrur stigu dans við söng Strumpanna og allir klæddust náttfötum eins og hér má sjá. Alls eru á milli 120 og 130 börn á leikskólanum og voru dansleikirnir bæði fyrir og eftir hádegi fyrir sinn hópinn í hvort skipti.




### Verk fyrir höndum

Þessi forláta viðarskúta kom nýlega til Hnífsdals og stendur á lóð Trésmíðjunnar ehf. Skútan kemur úr Reykjavík og er í eigu Vignis Guðmundssonar, smíðs hjá Trésmíðjunni í Hnífsdal, en hann hyggst gera hana upp. Mun hann njóta við það aðstoðar vinnufélaga sinna. Þó að Trésmíðjan komi ekki beint að viðgerðunum mun fyrirtækið lána starfsmönnum sínum tæki og tól og alla aðstöðu til viðgerðarinnar. Eins og sést á myndinni eiga menn mikið verk fyrir höndum þar sem skútan má muna sinn fífil fegri.



Einum hinna „slösuðu“ bjargað út úr bíl sínum.




Þessar stúlkur voru farþegar í rútubifreið.

# Vitar á Íslandi


Þann 1. desember 1878 var íslenska skammtöglamykrlið í fyrsta sinn rofið af vitaljóði þegar tekið var í notkun landsins fyrsti viti á Velaðnók á Reykjanesi. Vitaljósing var forsenda þess að hægt væri að halda uppi siglingum til Íslands að vetrarlagi og um langt skeið voru vitamír meðal mikilvægustu leiðsögutækja sjófaranda.

Öll frá því fyrsta íslenska vitaljósið var tekið höfu ljós vitanna klofið næturkortann og vitageislar vísað sjófarendum örugga leið. Ljós vitanna höfu mörgu sjómennsliði borgið og bygging og rektur víta og annars leiðsögumannaþátta hefur efti öryggi sjófaranda meira en flest annað. Í ritinu Vitar á Íslandi er saga íslensku vitaljósnustunnar rökun frá upphafi, fjallað um vitaskipin og þátt vitaverðanna, breytileg vistarætti er skýnd og skilgreind og hér er fjallað um byggingarlist íslenskra víta og tengsl byggingarstíls þeirra við ströume- og stefnur í byggingarlist á hverjum tíma.



Vitar á Íslandi fæst í mörgum bóka-ventlunum. Áuk þess er hægt að panta bókin hjá útgefanda og fá hana senda í pósti, síminn er 560 0000. Verð kr. 7.650 með vsk.

Útgáfa og dreifing:



**SIGLINGASTOFNUN**  
Vesturvör 2, 200 Kópavogi, sími 560 0000

## Á adventunni

Í byrjun desember mun Bæjarins besta gefa út sérblað „Á adventunni“ þar sem verður að finna fjölbreytt efni tengt adventu og jólum.

Ekki verður gefin út sérstök gjafahandbók í desember eins og verið hefur á undanförunum árum en þeir sem hyggjast auglýsa fyrir jólin er bent á að panta rými í sérblaðinu „Á adventunni“.

Upplýsingar gefur Sigurjón í síma 456 4560.



# Fjögurra milljóna króna launakröfur á leið til lögfræðings

Fyrirverandi starfsmenn VoiceEra í Bolungarvík hafa ekki enn fengið greidd laun fyrir vinnu sína í maímánuði, en eins og kunnugt er var starfsfólkinu sagt upp störfum í sumar í kjölfar rekstrarerfiðleika fyrirtækisins. Alls munu starfsmennirnir vera sjö, þar af fimm í Bolungarvík en tveir í Reykjavík.

Í byrjun ágústmánaðar sagði Cameron Porter, stjórnarformaður VoiceEra, að stefnt væri að því að greiða starfsfólkinu launin innan 30 daga, en þau áform virðast ekki hafa gengið eftir. Í flestum tilfellum eiga starfsmenn inni ein mánaðarlaun, en einhverjir þeirra munu þó eiga inni laun fyrir tveggja mánaða vinnu.

„Við höfum sent fyrirtækinu launakröfu fyrir hönd starfsfólksins“, segir Helgi Ólafsson, varaformaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga sem hefur tekið að sér mál fyrirverandi starfsmanna VoiceEra. „Alls eru launakröfurnar upp á um það bil 4 milljónir en inni í því eru launagreiðslur vegna þriggja



mánaða uppsagnafrests. Nú stendur ekki skil á greiðslunum við eftir viðbrögðum um verður málið sent í innfrá fyrirtækinu. Ef VoiceEra heimtu hjá lögmanni.“

# Stillum upp sterkum lista

Ágæti lesandi. Á kjördæmisþingi Framsóknarflokksins, sem haldið verður að Laugum í Sælingsdal þann 16. nóvember n.k., verður valinn sá hópur fólks sem mun leiða flokkinn í Norðvesturkjördæmi við alþingiskosningarnar í vor. Það er ákaflega mikilvægt að sá hópur sem valinn verður til forystu hafi yfir að búa fjölþættri reynslu og þekkingu sem endurspeglar hagsmuni og sjónarmið sem flestra íbúa kjördæmisins.

Ég, undirrituð, hef ákveðið að sækjast eftir að skipa 2.-3. sæti listans. Undangengin 12 ár hef ég starfað að sveitarstjórnarmálum í Skagafirði og

á síðasta kjörtímabili var ég oddviti flokksins í hinu sameinuða sveitarfélagi Skagafirði. Ég hef jafnframt unnið að ýmsum félags- og stjórnarmálum í gegn um tíðina. Ég tel mig því búa yfir góðri reynslu og þekkingu á kjörum fólksins í landinu. Hagsmunir eru vissulega ólíkir eftir aðstæðum og umhverfi hverju sinni en stjórnarmál snúast einmitt um það að leita lausna sem sameina ólíka hagsmuni eins og hægt er.

Framsóknarflokkurinn er frjálslyndur félagshyggjuflokkur sem vinnur að stöðugum umbótum á samfélaginu og lausn viðfangsefna á grunni samvinnu og jafnaðar.

Í umróti samtímans er mikil þörf fyrir flokk eins og Framsóknarflokkinn, sem stendur vörð um ýmsa grunnþjónustu í samfélaginu, t.d. á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála og vill tryggja íbúum landsins jafnan rétt til þessarar þjónustu án tillits til efnahags og búsetu.

Á undanförunum vikum hef ég ferðast víða um kjördæmið og kynnst fólki. Þessi viðkynni eru mér mjög dýrmætt vegarnesti og ég er ákaflega þakklát fyrir þær viðtökur og vináttu sem mér var sýnd í þessum heimsóknum. Fáir ég til þess brautargengi mun ég leggja mig alla fram og vinna af krafti að hagsmunamálum



„Við skulum sameinast um að velja sterkan lista framsóknarmanna á kjördæmisþinginu“

**Herdís Á. Sæmundardóttir, framhaldsskólakennari á Sauðárkróki skrifar**

allra íbúa kjördæmisins.

Góðir framsóknarmenn. Við skulum sameinast um að velja sterkan lista framsóknarmanna á kjördæmisþinginu, lista sem getur leitt flokkinn

til forystu og góðra verka í þágu kjördæmisins og landsins alls.

Herdís Á. Sæmundardóttir, framhaldsskólakennari á Sauðárkróki.

## Björgunaræfing í Vestfjarðagöngum

# Fjarskiptin í megnasta ólagi eins og vitað var

Björgunaræfing var haldin í Vestfjarðagöngum á laugardag og þótti takast að flestu leyti vel. En eins og vitað var áður voru fjarskipti mjög erfið í göngunum og er það matmanna að nauðsynlegt sé að finna lausn á þeim málum. Sendiboðar þurftu að aka fjögurra kílómetra leið til að koma boðum á milli þar sem ekkert farsímasamband er í göngunum og talstöðvar dugðu lítið sem ekkert.

„Á heildina lítið held ég að æfingin hafi tekist mjög vel. Einstaka þættir gengu þó ekki nógu vel og var fjarskiptaleysi oft orsök mistaka“, segir Hermann Hermannsson, varðstjóri í Slökkviliði Ísafjarðarbæjar, sem var einn umsjónarmanna æfingarinnar.

Að æfingunni komu björgunarsveitir, lögregla, slökkvilið, Vegagerðin, almannavarnir og starfsmenn Fjórðungssjúkrahúsins á Ísafirði.



Einn hinna „slösuðu“ bíður eftir hjálp.

Sviðsett var slys í Breiðadalslegg ganganna þar sem rúta með um 10-15 farþegum og flutningabifreið áttu að hafa ekið saman, auk þess sem fólksbíll með tveimur mönnum ók aftan á rútna. Félagar í Björgunarfélagi Ísafjarðar og fleiri léku slasaða. Þeir tóku hlutverk sín mjög alvarlega og þurftu lögreglu- og slökkviliðsmenn að beita öllum sínum sannfæringarkrafti til að róa fólkið.

Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði og einn skipuleggjenda björgunaræf-

ingarinnar, er sammála því að samskiptaleysi hafi verið mikil og valdið erfiðleikum. „Það kom manni svo sem ekkert á óvart að fjarskiptin væru í ólagi og það er ljóst að það þarf að finna einhverja lausn á þeim málum“, segir Önundur. „Æfingin gekk þó mjög vel og ég vil meina að björgunaræfing sem haldin var í göngunum snemma í vor hafi skilað miklu. Það höfðu margir hlutir verið lagaðir fyrir þessa æfingu. Samt er enn margt sem má betur fara og nú sést vel hvar hnökrar eru.“



Einn hinna „slösuðu“ fluttur á brott af slysstað.



Læknar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði kanna ástand eins hinna „slösuðu“.

## Góð sigling hjá KFÍ

Meistaraflokkur karla hjá Körfuknattleiksfélagi Ísafjarðar lék tvo útileiki um helgina og sigraði í þeim báðum. Á laugardag lék KFÍ við lið ÍS og sigraði með 79 stigum gegn 69. Á sunnudag tók Stjarnan á móti Ísfirðingunum og var leikurinn jafn allan tímann. Sigurinn féll þó KFÍ í vil og voru lokatölur 81-83. KFÍ er nú í efsta sæti 1. deildar með 10 stig eftir sex leiki (fimm sigrar og eitt tap). Reynir frá Sandgerði, eina taplausa liðið, situr í 2. sæti með 8 stig en á tvo leiki til góða.

## Von á „kosningakvóta“

Guðmundur Halldórsson, formaður smábátafélagsins Eldingar á norðanverðum Vestfirðum, staðhæfir að von sé á 25.000 tonna „kosningakvóta“ á yfirstandandi fiskveiðiaári. Í ræðu sem Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), hélt á aðalfundi sambandsins fyrir skömmu, bar hann fram þá tillögu að fundurinn skoraði á sjávarútvegsráðherra að auka veiðiheilmildir. „Það hefur aldrei klikkað að þegar Kristján biður um eitt-hvað, þá hefur hann fengið það. Menn höfðu haft það á tilfinningunni að það yrði bætt einhverju við í vetur til að friða menn og nú er ljóst nákvæmlega hversu mikið það verður“, segir Guðmundur Halldórsson.

## Nýr undirvefur á bb.is

Jafnframt því sem „Sælkeri vikunnar“ leit dagsins ljós hér í blaðinu í síðustu viku, þar sem Lárus G. Valdimarsson reið á vaðið með uppskrift að steiktum saltfiski, var á fréttavefnum bb.is opnaður nýr undirvefur með heitinu *Matur og vín*. Þar verða uppskriftir sælkeranna hér blaðinu að jafnaði settar inn. Þær verða þó einungis lítil hluti af þeim uppskriftum, góðum ráðum, fróðleik og öðru varðandi mat og vín sem þarna verður að finna. Lesendur mega búast við einhverju nýju úr ýmsum áttum en auk þess er afar fjölbreytt tenglasafn sem varðar matargerð og vín.

## KONA VIKUNNAR

### Manchester United er uppáhalds-liðið í enska boltanum



**Nafn:** Sigríður Björk Guðjónsdóttir.  
**Fædd/-ur, hvar og hvenær:** Í Reykjavík, 10. júlí 1969.  
**Atvinna:** Sýslumaður á Ísafirði.  
**Fjölskylda:** Eiginmaður Skúli Sigurður Ólafsson, börnin Ebba Margrét fædd 1991 og Ólafur Þorsteinn fæddur 1999.  
**Helstu áhugamál:** Útivist, skotveiðar, ferðalög og bækur.  
**Bífreið:** Nissan Terrano II, árg. 1998.  
**Hvernig bíl vildir þú helst eiga?** Chevrolet Corvette '77 módel.  
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítil?** Mig minnir að ég hafi lengi ætlað að verða strætóbílstjóri eða flugmaður.  
**Uppáhalds matur?** Kjötsúpan hennar ömmu er allra best.  
**Versti matur sem þú hefur smakkað?** Maturinn á Hótel Palace í Prag 1990 – það getur varla verið verra.  
**Uppáhalds drykkur?** Primus frá Mjólkursamlagi Ísfirðinga.  
**Uppáhalds tónlist?** Töfraflautan í flutningi Drottningsholmoperan í Stokkhólmi með Hákan Hagegård og fleirum.  
**Uppáhalds íþróttamaður eða félag?** Manchester United.  
**Uppáhalds sjónvarpsefni?** Fréttir.  
**Uppáhalds vefsíðan?** bb.is  
**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** Breaking the Waves í stjórn Lars von Trier.  
**Fallegasti staður hérlendis?** Öndurfjörður.  
**Fallegasti staður erlendis?** Sisjönvatnið í Gautaborg að vetrarlagi.  
**Ertu hjátrúarfull(ur)?** Nei.  
**Uppáhalds heimilistækið?** Uppvottavélin.  
**Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?** Að leika við börnin mín og spila bríds í góðum félagsskap.  
**Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna?** Hræsni – það skýrir sig sjálf.  
**Hvað gerir þú til að láta þér líða vel?** Slappa af með fjölskyldu og vinum.  
**Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast?** Já, en ég ætla að hafa hann áfram leyndan.  
**Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í?** Lokaorðin í brúðarræðunni minni sem urðu óvart: „Sjáumst aftur næsta ár“.  
**Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta?** Leggja gangbraut eftir Skutulsjarðarbraut og hækka laun leikskólakennara.  
**Lífsmottó?** Með lögum skal land byggja.

## Framkvæmdastjóri

Spennandi og skemmtilegt starf hjá Héraðssambandi Vestfirðinga. Hefur þú brennandi áhuga á íþróttum, heilbrigði og félagsmálum? Ertu til fyrirmyndar í heilbrigðu lífverni? Þá er þetta starf fyrir þig.

Umsóknarfrestur er til 1. desember og skal umsókn ásamt meðmælum send skriflega til HSV í pósthól 90, 400 Ísafjörður.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristinn Jón, formaður í síma 892 0534 og Björgmundur, ritari í síma 456 7660.

## HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFIJÖRÐARÞÆ

### Augnlæknir á Ísafirði

Augnlæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 18.-22. nóvember.

Tímamantanir í síma 450 4500, milli kl. 08-16 alla virka daga.



## SÆLKERI VIKUNNAR

### ER HILDUR HALLDÓRSDÓTTIR, LÍFFRÆÐINGUR Á FLATEYRI

## Tandoori kjúklingur með smjörsósu fyrir 6

#### Efni:

1,2 kg af skinnlausum kjúklingabítum  
2 tsk salt  
1 stór sítróna  
4 dl hrein jógúrt eða AB-mjólk  
hálfur laukur í 4 hlutum  
2 hvítlauksrif  
2 cm biti af ferskri engiferrót, saxaður  
hálf græn paprika í sneiðum  
2 tsk garam masala  
3 tsk gulur og 1 tsk rauður matarlitur

#### Aðferð:

Skerið skurði í þykkustu bitana og dreifið kjúklingabítum á stórt fat. Stráið salti yfir og pressið safann úr sítrónunni yfir bitana. Nuddið blöndunni inn í kjúklingabítana, snúið þeim við og veltið upp úr öllu saman. Látið standa í ca 20 mínútur.

Blandið á meðan saman í mixer jógúrti/AB-mjólk, lauk, hvítlauk, engifer, papriku og garam masala. Hellið blöndunni í gegnum sigti í stóra glerskál. Penslið kjúklingana á báðum hliðum með matarlitnum og setjið út í skálina ásamt öllum safanum af fatinu. Látið standa á köldum stað í 6-24 tíma. Forhitið ofninn í 250°C. Leggið kjúklingana í stórt smurt eldfast mót eða ofnskúffu. Steikið í ofninum í 25-30 mínútur.

#### Sósan:

4 msk tómaturpuree  
2 dl vatn  
3 cm biti af ferskri engiferrót, rifinn  
4 dl rjómi  
1 tsk garam malsala  
hálf tsk salt



einn fjórði tsk sykur  
1 græn paprika, fínsöxuð  
einn fjórði tsk cayenne pipar  
1 msk ferskur kóriander (eða úr krukku), saxaður  
4 tsk sítrónusafi  
1 tsk ristað kúmin, malað  
100 g smjör

#### Aðferð:

Blandið tómaturpuree og vatni saman í skál. Bætið rifnu engiferrótinni út í ásamt rjómanum, paprikunni, kóriander, sítrónusafa og kryddunum. Blandið öllu vel saman. Bræðið smjörið í stórum potti og hellið blöndunni út í. Látið malla við vægan hita í nokkrar mínútur og hrærið í á meðan. Bætið að síðustu steiktum kjúklingabítunum út í og hrærið varlega.

Borið fram með basmati hrísgrjónum, naan brauði og grænu salati eða einhverjum góðum grænmetisrétti.

Ég skora á Ásgerði Bergsdóttur, áfangastjóra og íslenskukennara við Menntaskólann á Ísafirði, að leggja fram næstu uppskrift.

## Hollvættir Menntaskólans á Ísafirði

# Gömlum nemendum skólans boðið í heimsókn

„Varla þarf að útskýra það fyrir Vestfirðingum hversu mikilvægur Menntaskólinn á Ísafirði er fyrir þennan landshluta. Hann er einn af hornsteinum byggðar hér. En við megum ekki taka hann sem sjálfsagðan hlut, við verðum að standa vörð um skólann, styðja hann og styrkja sem best við getum. Það er hlutverk Hollvættanna sem og Vestfirðinga allra“, segir Herdís M. Hübner, formaður Hollvætta Menntaskólans á Ísafirði, en þriðja starfsár samtakanna er nú hafið.

Samtökin hafa fengist við ýmislegt skólanum til stuðnings, fengið fyrirlesara í heim-sókn og stutt við félagslíf nemenda á margan hátt. Meðal annars áttu þau stóran þátt í stofnun Gamla Apóteksins, kaffi- og menningarhúss ungs fólks.

Á aðalfundi Hollvættanna í sumar urðu nokkrar breyting-

ar á stjórn. Einar Jónatansson lét af formennsku og við tók Herdís M. Hübner. Í stjórninni sitja nú, auk Herdísar, þau Elísabet Gunnarsdóttir, Ingibjörg Snorraddóttir, Einar Jónatansson, Eiríkur Finnur Greipsson, Ólafur Örn Ólafsson, Dagbjört Hjaltadóttir og Hlynur Snorrason.

Á þessu skólaári er markmið samtakanna að styrkja tengslin milli skólans og fyrrverandi nemenda hans. Þannig er ætlunin að fá nokkra fyrrverandi nemendur skólans til þess að koma í heimsókn og kynna sig og það sem þeir eru að fást við þessa dagana, í þeim tilgangi að styrkja nemendur í þeirri sannfæringu að þeir séu á réttri braut og að nám við MÍ geti fleytt þeim langt í framtíðinni. Þar er af nógu að taka enda eru stúdentar frá MÍ víða í ábyrgðarstöðum og standa sig vel á ýmsum sviðum í þjóðfélaginu. Fyrsti



gamli nemandinn sem kom í slíka heimsókn var Margrét Oddsdóttir, yfirlæknir á skurðeild Landspítalans, en hún kom vestur og ræddi við nemendur á sal skólans í síðustu viku. Margrét er Ísfirðingur í húð og hár, dóttir Magdalenu Sigurðardóttur og Odds Péturssonar sem allir þekkja. Margrét útskrifaðist frá Menntaskólanum á Ísafirði 1975.

Af öðrum verkefnum vetrarins má nefna að unnið er að því að opna svæði Hollvættanna á heimasíðu skólans (www.fvi.is). Þar verður m.a. að finna skrá yfir brautskráða nemendur úr MÍ/FVÍ, fréttir

frá Hollvættum og ýmsar fleiri upplýsingar. Einnig stefna samtökin að því að undirbúa vel móttöku þeirra afmælisárganga sem heimsækja skólann við útskrift í vor, svo að sú heimsókn verði ánægjuleg og eftirminnileg og eldri nemendur finni hve velkomnir þeir eru við það tækifæri.

Á síðasta ári létu samtökin framleiða vandaða trefla með merki skólans, til þess að gefa fyrrverandi nemendum og velunnurum skólans kost á að merkja sig skólanum við hátíðleg tækifæri. Treflanir eru m.a. til sölu í Gamla Apótekinu á Ísafirði.

# Nýleg dæmi um að hundar veitist að börnum

Lausaganga hunda virðist hafa farið mjög í vöxt í Ísafjarðarbæ í ár miðað við tvö síðustu ár. Vitað er um nýleg dæmi þess að hundar hafi áreitt börn, glefsað í þau eða skellt þeim um koll. Tólf sinnum var lausaganga hunda skráð í dagbók lögreglunnar á Ísafirði árið 2000 og árið 2001 voru 14 slík mál skráð. Það sem af er þessu ári hefur verið tilkynnt um lausa hunda í 22 skipti og stefnir í tvöföldun frá fyrri árum. Lausaganga hunda er brot á lögreglusamþykkt og er eigendum gert að greiða sekt í hvert skipti sem skráður hundur gengur laus. Sektin er hærri ef hundurinn er óskráður og hækkar þegar

hundur hefur ítrekað gengið laus.

„Skráður hundur á að vera með númer á sér svo auðvelt sé að finna eiganda hans. Ef hundur er óskráður eða númeralaus er auglýst eftir eiganda. Ef eigandi finnst ekki innan ákveðins tíma, sem er tíu dagar, er hægt að taka ákvörðun um örlög hundsins“, segir Hermann Þorsteinsson, hundaefirlitsmaður Ísafjarðarbæjar. „Það hefur einu sinni komið fyrir á þessum tveimur árum sem ég hef verið í starfi, að eigandi vildi ekkert með hundinn hafa og var honum þá lógað.“

Samkvæmt upplýsingum frá innheimtufulltrúa Ísafjarð-

arbæjar eru 77 hundar skráðir í sveitarfélaginu öllu en hann hafði ekki sundurliðun á búsetu hundanna eftir einstökum byggðarlögum. Bláðinu er kunnugt um allt að tíu hunda sem hafa aðsetur við aðeins eina götu á Ísafirði, en þeir kunna þó að vera fleiri.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarbæjar, samkvæmt samþykkt frá árinu 1997, „að undanteknum þarfahundum á lögbýlum, leiðsöguhundum til hjálpar blindu fólki, viðurkenndum leitarhundum til aðstoðar hjólgunarsveitum og hundum sem notaðir eru við löggæslustörf“. Þó er bæjarstjórn heimilt að veita einstaklingum

búsettum í Ísafjarðarbæ undanþágu til hundahalds að uppfylltum fjölmörgum skilyrðum, svo sem um skráningu og gjöld, samþykki nágranna, ormahreinsun og ábyrgðartryggingu.

Í samþykktinni segir m.a. að hundurinn skuli aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur vald yfir honum. Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar þeirra raski ekki ró manna né verði þeim til óþæginda.

Samkvæmt heimildum blaðsins er talsverður misbrestur á því að síðastnefndu ákvæðin séu höfð í heiðri á Ísafirði.

## Íbúasamtök Hnífsdælinga

# Vilja loka fyrir bílaumferð þegar börnin renna sér

Hnífsdælingar vilja fá heimild til að loka brekkunni milli Bakkavegar og Skólavegar fyrir umferð ökutækja þegar aðstæður eru hagstæðar fyrir börn að renna sér.

„Brekkan sú er hin allra besta sleða- og þotubrekka þegar snjó festir að einhverju ráði og þangað hópast flestöll börn Hnífsdal til leiks þegar umræddar aðstæður eru fyrir hendi“, segir í bréfi frá stjórn Íbúasamtaka Hnífsdælinga til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

„Hugmynd undirritaðrar stjórnar er að setja merki um lokun vegar efst í brekkuna svo sjá megi það er umferð nálgast frá Bakkavegi og Garðavegi. Jafnframt að setja sams konar merki neðst í brekkuna og snúa því út að sjó, svo að umferð að brekkunni stöðvist. Því miður teppir framkvæmd ofangreindrar hugmyndar aðkeyrslu að þremur húsum fyrir innan brekkuna, en undirrituð stjórn Íbúasamtaka Hnífsdælinga treystir sér til að semja um það við íbúa þá er um ræðir.“

Fyrir sameiningu, er Hnífsdalur tilheyrði Eyrar-

hreppi, var samþykkt á árinu 1963 að veita leyfi fyrir lokun ofangreindrar brekku við umræddar aðstæður. Samþykkt sú var gild í tíð Eyrarhrepps en sjálfsagt er að endurnýja þess háttar í sameinuðu sveitarfélagi. Í þá tíð er samþykkt var í gildi um lokun brekkunnar umræddu var einum traustum og ábyrgðarfullum manni falið að varðveita merkin, setja þau á rétta staði við brekkuna er börn voru að leik og forða þeim í hús er dagur var að kveldi kominn. Slíkt er ágætis fyrirkomulag og tekur undirrituð stjórn auðfúslega við því verki og þeirri ábyrgð er fylgir að finna slíkan mann, ef háttvirt bæjarráð veitir leyfi fyrir lokun, eins og íbúar Hnífsdals vilja svo gjarnan.“

Undir bréfið ritar stjórn Íbúasamtaka Hnífsdælinga, þeir Örn Torfason, formaður, Jónas Þór Birgisson, Jóhann Birkir Helgason, Finnboði Sveinbjörnsson og Jens Andrés Guðmundsson. Bæjarráð hefur vísað málinu til umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar.



## Hagræðing hjá Mjólkursamlagi Ísfirðinga

# Sendingum til smærri byggðakjarna fækkað

Mjólkursamlag Ísfirðinga hefur ákveðið að draga úr þjónustu sinni og fækka sendingum á mjólk og mjólkurvörum til Suðureyrar, Flateyrar og Þingeyrar úr þremur í tvær á viku. Nú eru mjólkurvörur sendar á þessa staði á mánuðögum, miðvikudögum og föstudögum en frá og með næstu viku verður það aðeins

gert á mánuðögum og fimmtudögum. Hér er um hagræðingu að ræða, að sögn Halldórs Guðlaugssonar hjá Mjólkursamlagi Ísfirðinga.

Þorvaldur Pálsson, sem rekur Esso-skálann á Flateyri, þar sem seld er margvísleg matvara og þar á meðal mjólkurvörur, er mjög ósáttur við þessa ráðstöfun.

„Við höfum ekki endalaust pláss til að geyma viðkvæmar kælivörur. Okkur sem búum í smærri byggðum í þessum svokallaða Ísafjarðarbæ finnst að við eigum rétt á sömu þjónustu og þeir sem búa við dyrnar á Samkaupum eða Bónusi“, segir Þorvaldur, og kveðst ekki geta varist þeirri tilfinningu að íbúar í minni byggða-

kjörnum bæjarfélagsins séu á ýmsan hátt meðhöndlaðir sem annars flokks fólk. „Við fengum tilkynningu um þetta í bréfi. Mér finnst þau vinnubrögð ekki bjóðandi í ekki stærra samfélagi en hér er að ekki skuli vera hægt að ræða málín og komast að viðunandi niðurstöðu í þessu máli“, sagði Þorvaldur Pálsson.

## Karлакórinn Ernir kominn á kreik á ný

# Stefnt að fernum tónleikum í vetur

Starfsemi Karlakórsins Ernís á norðanverðum Vestfjörðum var endurvakin á síðasta vetri og á vordögum voru haldnir tónleikar á Hólmavík og í Bolungarvík. Æfingar hófust á ný um miðjan september og í vetur er ætlunin að

halda a.m.k. ferna tónleika, bæði vestra og sunnan heiða.

Í kórnum eru um fjórutíu manns á svæðinu frá Þingeyri til Súðavíkur en stjórn og undirleik annast pólsku systurnar Mariola og Elzbieta Kowalczyk sem starfað hafa á Vest-

fjörðum um árabíl. Ísafjarðarbær hefur veitt kórnum endurgjaldslausu aðstöðu til æfinga í gamla skólahúsinu í Holti í Önundarfirði.

Þrátt fyrir það kostar rekstur kórsins töluvert fé og hefur fjárflounarnefnd undir forystu

Guðmundar Steinars Björgmundssonar á Kirkjubóli í Önundarfirði leitað eftir fjárhagslegum stuðningi sveitarfélaganna þriggja á starfssvæði kórsins á norðanverðum Vestfjörðum.



## Netnotendur á Þingeyri

# Vilja betra samband

Þegar kemur að tengingu við Internetið eru íbúar á Þingeyri verr settir en íbúar flestra annarra þéttbýliskjarna á norðanverðum Vestfjörðum. Á Þingeyri er hægt að fá svokallaða ISDN-tengingu, en á Ísafirði og í Bolungarvík er boðið upp á ADSL-tengingu, sem er mun öflugri. Á Suðureyri, Flateyri og Hólmavík býður tölvuþjónustan Snerpa upp á örbylgjusamband sem er sambærilegt við ADSL-tengingu og á svipuðu verði. Slíkt samband er einnig í boði í Bolungarvík, auk ADSL-tengingar. Netnotendur á Þingeyri eru sumir hverjir orðnir langeygir eftir betra netsambandi.

„Ef íbúar á Þingeyri vilja

fá örbylgjutengingu eiga þeir endilega að hafa samband við okkur og við munum koma upp tengingu þegar nægilegur fjöldi áskrifenda er kominn“, segir Björn Davíðsson, þróunarstjóri Tölvuþjónustunnar Snerpu á Ísafirði. „Við höfum þurft að hafa minnst 10 áskrifendur á hverjum stað áður en við förum að stað. Það er bara til að við höfum örugglega fyrir rekstrar-kostnaði kerfisins þegar það er komið upp, en við tökum á okkur kostnaðinn við uppsetninguna á kerfinu. Ég held að það sé samt ekki spurning um hvort, heldur hvenær örbylgjusamband verður komið til Þingeyrar“, segir Björn.

# Hinnir veraldlegu hlutir eru lítils virði

– segir Sigríður Hrönn Elíasdóttir í Súðavík um viðhorf sitt til lífsins

Fyrir nokkru bærust af því fréttir að Sigríður Hrönn Elíasdóttir í Súðavík hefði orðið Íslandsmeistari í einmenningi í brids. Þetta voru talsverð tíðindi, því að ekki er skipt í kynjaflokka í þessari keppni heldur eigast karlar og konur við í sama flokki. Með þessum sigri sínum braut Sigríður Hrönn karlamúrinn og varð fyrst kvenna til þess að hampa þessum titli. Sigríður Hrönn varð landsþekkt þegar hún var sveitarstjóri í Súðavík á dögum hörmunganna miklu sem dundu yfir plássíð í janúar 1995. Það voru erfiðir tímar fyrir alla Súðvíkinga og reyndar landsmenn alla, en meðal þeirra sem mest braut á var sveitarstjórinn í Súðavík, sem jafnframt hafði almannavarnir á staðnum á sinni könnu. Á miðju sumri eftir þennan erfiða vetur lét Sigríður af stöðu sveitarstjóra en tók við oddvitastarfi í sveitarstjórn og gegndi því út kjörtímabilið. Á síðasta kjörtímabili var hún formaður hafnarstjórnar í Súðavík en á liðnu vori lét hún af öllu starfi að málum sveitarfélagsins og segist vera búin að skila sínum skammti. Meðan Sigríður Hrönn var oddviti fór hún jafnframt inn á annan starfsvettvang og fór að vinna fyrir Rauða krossinn sem svæðisfulltrúi fyrir Vestfirði. Í því starfi var hún eitt ár, einmitt þegar flóttamennirnir frá Júgóslavíu komu á norðanverða Vestfirði. Svo fór hún að vinna af og til í Sparisjóði Súðavíkur, bæði í Súðavík og í útibúinu á Ísafirði, allt þangað til hún fór að vinna hjá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða þar sem hún starfar nú. Fyrir nokkrum árum greindist Sigríður Hrönn með sjúkdóm sem jafnan vekur nokkurn ugg þegar hans er getið. Það er Multiple Sclerosis eða MS-sjúkdómurinn. Sú ganga varð Sigríði og fjölskyldu hennar erfið en með markvissum aðgerðum hefur hún komist til góðrar heilsu á ný.

Það voru rétt sjö ár sem Sigríður Hrönn gegndi starfi sveitarstjóra eða frá 1. júlí 1988 og til 1. júlí 1995. Oddvitastarfið var óneitanlega rólegra og ennþá minna var við að stússast í hafnarstjórninni, þannig að hún dró jafnt og þétt úr umsvifunum á vettvangi sveitarstjórnarmálanna. Og nú er hún loksins laus ... „Já, það var langtímaáætlun hjá mér að hætta öllu slíku á síðasta vori.“

– Ertu fegin?

„Já, að mörgu leyti. Mér fannst eiginlega að ég væri búin með minn kvóta. Ég var búin að vera lengi í þessu, tólf

ár í sveitarstjórn og sextán ár alls að meðtalinni formennskunni í hafnarstjórn. Ég held að það sé engum hollt að vera í þessu öllu lengur. Að vísu byrjaði ég snemma þannig að ég hætti ung! En ég lít svo á að ég sé búin að leggja fram minn skerf í pólitíkinni og leggja mitt til samfélagsins á þeim vettvangi. Það má segja að þegar ég hætti sem sveitarstjóri hafi ég fyrst farið að gera mér grein fyrir því hvað það er að eiga frítíma og geta sinnt áhugamálum.“

## Að brjóta karlamúrinn

– En við skulum byrja á bridsinu. Skyldi það ekki hafa verið sérkennileg tilfinning að brjóta karlamúrinn á Íslands-mótinu um daginn?

„Jú, það var fyrst og fremst gaman!“ segir hún, en spíla-mennskan lá í láginni hjá henni um árabíl á meðan hún hafði mest umleikis í sinni heimabyggð. „Ég spílaði fyrir mörgum árum en svo var það farið að rekast dálítið á þegar ég var sveitarstjóri. Ég var oft upptekin þegar mót voru haldin, þannig að ég datt út úr þessu á tímabili. Þegar ég hætti svo sem sveitarstjóri sumarið 1995, þá gafst mér tími á ný og þá fór ég aftur í spílamennskuna á fullu. Þetta er skemmtilegur félagsskapur og gaman að hafa svona áhugamál.“

– Keppirðu reglulega á mótum á landsvísu?

„Já, við höfum verið mjög dugleg að sækja mót, bæði við Óskar maðurinn minn og líka sem sveit héðan að vestan. Þá höfum við oft verið saman við Óskar, Arnar Geir Hinriksson og Kristinn Kristjánsson og fleiri eftir því hvernig hefur staðið á, einkum Guðmundur Móses Jónsson frá Ísafirði, sem hefur oft verið elsti spilarinn á mótum.“

– Eru jafnan fáar konur á bridgemótum?

„Já, hlutfallslega, en þær eru vissulega virkari á Reykjavíkursvæðinu en úti á landi.“

– Þú hefur enga minnimáttarkennd gagnvart körlunum? (Hlær) „Nei, ég hef aldrei haft minnimáttarkennd!“

– Fremur að þeir hafi minnimáttarkennd gagnvart þér? Hvað með karlana hér fyrir vestan sem þú spilar með?

„Nei, alls ekki, og þetta eru allt góðir félagar mínir, bæði sem samherjar og mótherjar við spílaborðið gegnum tíðina.“

Sigríður Hrönn hefur nú starfað á Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða á Ísafirði í rúm ár eða frá því í fyrrihaust. Verksviðið segir hún vera sitt lítið af hverju, svo sem náms- og starfsráðgjöf og atvinnumiðlun. „Svo hef ég verið að fara út með námskeið, svo sem í tíundu bekkni grunnskóla. Í Víku símenntunar vorum við að kenna bæði fólki sem er á vinnumarkaði og líka þeim sem voru án atvinnu að gera ferilsskrá og hvernig á að

ganga frá umsóknum og fl.“

## Hvernig heimurinn breyttist

– Hvernig breyttist heimurinn hjá þér við slysið mikla í Súðavík fyrir bráðum átta árum, þegar þú lítur til baka?

„Líklega helst viðhorfið til lífsins. Það var mesta persónulega breytingin hjá mér sem manneskju – að átta mig á því hvað hinn veraldlegu hlutir eru lítils virði þegar allt kemur til alls.“

– Hvernig finnst þér hafa tekist til við endurreisnina í Súðavík, bæði byggðar og mannlífs, þegar þú lítur til baka yfir þessi ár sem eru orðin svo mörg þó að svo stutt virðist síðan?

„Mér finnst hafa tekist mjög vel til. Utanaðkomandi aðstoð gerði það að verkum að samfélagið og uppbyggingin hafa náð sér eins vel og raun ber vitni. Það skiptir líka máli, að þessu var fylgt mjög vel eftir af hálfu Súðvíkinga og þeirra sem þar voru í forsvari. Ég hygg að íbúarnir séu mjög ánægðir með uppbygginguna.“

– Svo virðist stundum að síðustu árin hafi ríkt nokkur svartsýni um framtíð byggðar á Vestfjörðum. Hverjum augum lítur þú daglegt líf í Súðavík og framtíðina í bænnum? Hvernig er andinn?

„Þetta gengur allt sinn vana-gang, má segja. Hér er útgerð og vinnsla eins og verið hefur hjá traustu fyrirtæki. Þó að sameining hafi orðið þegar Frosti hf. sameinaðist Hraðfrystihúsinu í Hnífsdal, þá fylgdu því engir hagsmunarárestrar. Bolfiskvinnslan er í Hnífsdal en rækjuvinnslan í Súðavík. Ástandið er mjög stöðugt.“

– En atvinnulífið er fremur einhæft, aðeins einn stór vinnustaður með sérhæfða framleiðslu.

„Já, það er bara rækjuvinnsla og hefur verið alla tíð síðan Frosti hf. hætti fiskvinnslunni og sneri sér eingöngu að rækjunni. Það var fyrir sameiningu. Eins og á ýmsum minni stöðum eru atvinnutækifærin ekki fjölbreytt. Hér eru tilteknar þjónustustofnanir eins og sparisjóður, leikskóli, grunnskóli og annað slíkt. Það getur verið erfitt fyrir fólk með

skerta starfsgetu að búa á svona stöðum. Vinnan er einhæf en fólkið sem býr í Súðavík veit alveg að hverju það gengur.“

– Það fjölgar á sumrin í Súðavík ...

„Já, það fjölgar mikið hjá okkur á sumrin. Þá tvöfaldast íbúatalan þó að ekki séu þeir allir með lögheimili í Súðavík. Bæði á Sumarbyggð í Súðavík hús sem leigð eru út og líka eiga einstaklingar og félög hús í gömlu byggðinni. Þetta verður sífellt vinsælla og síðasta sumar hefði verið hægt að margbóka í júlí og ágúst. Nú þegar er byrjað að panta fyrir ættarmót og fleira á næsta sumri.“

## Hamfarir á norðurhjara

Nú skal vikið til baka um nokkurt árabíl á ný. Ekki mjög löngu eftir snjóflóðið í Súðavík átti Elísabet Þorgeirsdóttir ítarlegt viðtal við Sigríði Hrönn, sem birtist í tímaritinu Nýju lífi undir fyrirsögninni *Hamfarir á norðurhjara*. Hér skal gripið niður í frásögn Elísabetar og viðtal hennar við Sigríði Hrönn:

Í fréttum af flóðunum í Súðavík bar nafn sveitarstjórnans, Sigríðar Hrannar Elíasdóttur, oft á góma og vakti framganga hennar athygli. Sigríður Hrönn sýndi mikinn dugnað við skyldustörf sín þegar hún stjórnaði fyrstu aðgerðum á slysstað og kom fram af festu og styrk í fjölmíðlum fyrir hönd Súðvíkinga.

Þegar Sigríður Hrönn rifjar upp mánuðaginn 16. janúar kemur henni fyrst í hug nóttin áður, því þá byrjuðu annir hennar. Faðir hennar var í heimsókn á Íslandi og fjölskyldan var öll samankomin á sunnudagskvöldið.

„Allt kvöldið hafði ég verið í símasambandi við Almannavarnir ríkisins og Magnús Mátthías, snjóflóðasérfræðing Veðurstofunnar. Veðrið fór stöðugt versnandi og þegar pabbi og bróðir minn ætluðu út á Ísafjörð á sunnudagskvöldið var komið kolvitlaust veður og orðið ófært, svo þeir sneru við. Börnin mín voru háttuð heima hjá ömmu sinni og

systur minni en ég og maðurinn minn brutumst heim í veðurofsanum og ég hélt áfram að vera í símasambandi suður. Þegar klukkan var eitt fékk ég tilkynningu frá Magnúsi Mátthías um að snjóflóðahætta væri á Traðargilssvæðinu en þar féll snjóflóð á hús í desember. Ég er formaður Almannavarnarnefndar Súðavíkur og á að sjá um, í samvinnu við lögreglustjórnann á Ísafirði, að hús á hættusvæði séu rýmd. Svo vill til að þrjú af þeim húsum, sem ákveðið var að rýma í þetta skipti, voru hús móður minnar, Ragnheiðar móðursystur og Gunnu Möggu systur. Fólkið kom því allt heim til mín en ég bý í ysta húsinu í bænum sem er á nokkuð öruggu svæði þó að snjóflóð hafi nú fallið sitt hvoru megin við það.“

„Ég var nýbúin að koma öllum fyrir í rúmum og á flatsæng og ætlaði að fara að sofa sjálf þegar hringt var í mig klukkan hálf sjö og mér sagt að snjóflóð hefði fallið á Túngötu og Nesveg og eitthvað mikið hefði gerst. Eg var því alveg ósofin þegar kom til þeirra miklu átaka sem biðu mín.“

Sigríður Hrönn segir að biðin eftir björgunarmönnum hafi verið erfið því um 20 manns hafði verið saknað þangað til þeir komu. Það var því mikil gleði þegar Fagnesið birtist og leitarhundarnir gátu hafist handa en þeir fundu á skömmum tíma sjö manns á lífi.

„Þegar hér var komið sögu fann ég að ég var orðin mjög þreytt... Fagnesið byrjaði strax að flytja íbúana til Ísafjarðar og hafði ég í nógu að snúast allan tímann en gat sofnað í um tvo tíma um nóttina. Það var aðáunartvert að fylgjast með björgunarmönnum berjast út í óveðrið. Þeir komu inn úrvinda af þreytu og reyndu að hvílast á milli, m.a. með því að leggjast á pappakassaumbúðir í frystihúsinu. Og það þurfti að elda fyrir allt þetta fólk. Óskar sá um að panta mat frá Ísafirði og kokkurinn á Guðbjarti ÍS eldaði með aðstoð margra Súðvíkinga.“

„Seinni hluta mánuðagsins féll snjóflóð úr Traðargili á

þrjú af þeim húsum sem við rýmdum nóttina áður. Þar fór bernskuheimili mitt og hús ömmu og afa, þar sem Ragnheiður frænka bjó. Ég átti persónulega muni úr æsku heima hjá mömmu og það hefur líklega allt farið.“

— — —  
„Þegar allir voru fundnir var mínu hlutverki lokið og ég fór til Ísafjarðar með rækju-skipinu Haffara. Þegar ég settist niður í skipinu varð ég fyrir skritinni reynslu. Fyrst dofnaði ég og varð síðan stíf og fór öll að titra. Mér leið mjög undarlega en þarna voru líkamleg streitueinkenni að koma fram. Ég brotnaði hins vegar ekki andlega og hef ekki enn getað grátið þó að ég sé oft döpur og fái kökk í hálsinn. Þegar ég kom á sjúkrahúsið á Ísafirði var ég sprautuð til að geta sofnað eftir nær þriggja sólarhringa vöku.“

### MS-sjúkdómurinn

Eins og áður sagði greindist Sigríður Hrönn með MS-sjúkdóminn fyrir nokkrum árum. Tæpum tveimur árum eftir það átti Jónína Leósdóttir viðtal við Sigríði Hrönn, einnig fyrir tímaritið Nýtt líf, en að þessu sinni um sjúkdóminn og baráttuna við hann. Yfirskrifin á viðtalinu er *Afleiðing snjóflóðsins?* Við skulum líka grípa þar niður.

Árið 1998 greindist hún með MS-sjúkdóminn (Multiple Sclerosis) og varð að gera ýmsar breytingar á lífi sínu í kjölfar þeirrar uppgötvunar. Fyrstu einkenni sjúkdómsins komu í ljós u.þ.b. tveimur árum fyrir greininguna.

„Árið 1996 byrjaði ég að finna fyrir doða í fingurgómunum – fyrst einungis vinstra megin en síðan einnig í fingrum hægri handar. Smám saman færðist doðinn upp í hendur og samskonar doði í tánum færðist hægt og sígandi upp eftir fótunum. Ég fór þess vegna til taugasérfræðings en það leiddi ekki til neinnar sjúkdómsgreiningar.

Það virðist mjög algengt að MS-sjúklingar fái ekki rétta greiningu fyrst þegar þeir leita til læknis. Einkennin eru einstaklingsbundin og þróun sjúkdómsins svo misjöfn. Það gerir læknum erfitt fyrir að skera úr um þetta. Við sneiðmyndatöku koma þó oft í ljós hvítir blettir á ákveðnum stað í heilanum en þeir voru ekki til staðar hjá mér á þessum tíma.

Doðinn hvarf án þess að nokkuð væri að gert. Ég fann ekki fyrir honum fyrr en tæpum tveimur árum seinna – en þá fylgdu honum verkir sem leiddu upp í fótleggi, handleggi og meira að segja út í brjóstakassann. Heimilislæknirinn lét mig fá einhverjar pillur sem ég tók í eina viku en þær gerðu ekkert gagn. Að þeim tíma loknum bað ég hann um að senda mig til taugasérfræðings, enda var ég sannfærð um að vandamálið ætti rætur að rekja til miðtaugakerfisins.“

Eftir ítarlegar rannsóknir – og um tveggja vikna bið eftir niðurstöðum þeirra – tjáði sérfræðingurinn Sigríði Hrönn að hún væri með MS sjúkdóminn. Það var í júlí árið 1998.

„Mér versnaði hratt á meðan ég var í rannsóknunum í Reykjavík“, segir hún, „og þegar greiningin lá fyrir var ég orðin mjög illa haldin. Jafnvægissskynið var orðið alveg hrikalegt. Ég gat ekki keyrt bíl og hafði ekki einu sinni þrek til að ganga upp nokkrar tröppur. Ég var sem sagt í slæmu MS-kasti. Sjúkdómurinn lýsir sér oftast þannig að fólk fær köst – misalvarleg, mislöng og með mislöngu millibili. Eftir að köstin réna kemur síðan í ljós hversu miklum skaða þau hafa valdið og hvernig viðkomandi gengur að byggja sig upp á ný.“

Sigríður Hrönn segist ekki hafa grátið eða orðið fyrir miklu áfalli við sjúkdómsgreininguna, frekar hafi hún fundið fyrir létti að fá greiningu.

„Þegar ég fæ alvarlegar fréttir kemst ég yfirleitt ekki í uppnám, heldur verð yfirmáta róleg. Ég var auðvitað ósátt við að reynast vera með ólæknandi sjúkdóm. Ég hefði fremur kosið að læknirinn hefði kveðið upp annan dóm og sagt mér að þetta væri eitt-hvað sem kippa mætti í lag. En ég átti engra kosta vö. Þetta var niðurstaðan.“

Fyrstu vikurnar fyrir vestan var hún svo veik að hún var ekki einu sinni sjálfbjarga inni á baðherbergi. „Það fannst mér langerfiðast. Ég gat sætt mig við að þurfa að liggja fyrir en það pirraði mig gífurlega að þurfa aðstoð við að baða mig. Sem betur fer fékk ég styrkinn smám saman aftur en ég var rúmliggjandi í sex vikur og hegðaði mér þá nákvæmlega eins og ég væri á spítala. Ég lá bara í rúminu, las og sá ekki um nokkurn einasta hlut á heimilinu – fylgdist hvorki með innkaupum, matargerð, húsverkum né fjármálum. Þegar á leið byrjaði ég svo að fara fram úr í stuttan tíma á dag. Fyrst var ég á fótum í hálf tíma, síðan klukkutíma og þannig koll af kolli.“

— — —  
„Það er ekkert vitað fyrir víst um orsakirnar. Læknar hafa þó sett fram ýmsar tilgátur um hvað geti hrundið sjúkdómnum af stað. Þar má m.a. nefna mikið stress og annað andlegt álag. Þótt engar sannanir liggi fyrir virðast yfirvöld í Bandaríkjunum hafa viðurkennt ákveðin tengsl þarna á milli. Það kom m.a. í ljós þegar bandarískir hermenn komu heim úr stríðinu í Vietnam. Þá ábyrgðust stjórnvöld að bera kostnað af veikindum sem kæmu upp í kjölfar herþjónustunnar, m.a. ef hermaður greindist með MS áður en sjö ár væru liðin frá heimkomu hans.“

Snjóflóðið í Súðavík kemur óneitanlega upp í hugann í tengslum við þessa tilgátu. Sigríður Hrönn var svo sann-



arlega undir miklu álagi u.þ.b. ári áður en hún byrjaði að finna fyrir fyrstu sjúkdóms-einkennum.

„Ég kenni snjóflóðinu þó ekki um, frekar en einhverju öðru. Vissulega var fólk í Súðavík undir ólýsanlegu álagi og kannski var ég með einhvern veikleika sem náði að verða annað og meira vegna þessa ástands sem mað-

ur var í. Það er alveg hugsanlegt – en ástæðan getur líka hafa verið allt önnur. Trúlega verður þetta alltaf óleyst gáta.“

### Nóvember 2002

Núna í nóvember á því Herrans ári 2002 hefur heilsufar Sigríðar Hrannar tekið miklum breytingum. „Þegar vegna þessa ástands sem mað-

ekki með eins mikla starfsorku og nú“, segir Sigríður Hrönn. „Þá gat ég alls ekki unnið fulla vinnu.“

– Þú hefur komist til betri heilsu á ný ...

„Já, vissulega. Nú passa ég upp á allt fæði sem ofan í mig fer, passa að fá alltaf átta tíma svefn og heilsan er alveg stöðug. Ég get unnið fulla vinnu. Auk þess er ég á endurmennt-

unarnámskeiði í Háskóla Íslands, ásamt því að sinna bridsinu og öðrum áhugamálum mínum, svo sem að gegna formennsku í Rauða kross deildinni í Súðavík. Ég finn engar hömlur vegna þessa sjúkdóms, nema hvað ég er ekki alveg eins orkumikil þegar ég kem heim!“

– hþm



**Jón Hallfreð Engilbertsson, gítarleikari**

# Plöturnar sem breyttu lífi mínu...!

Djúpmaðurinn, setjarinn og gítarhetjan Jón Hallfreð Engilbertsson hefur lengi hrífist af rokkónlist, þó hann hafi í seinni tíð lagt meiri áherslu á að leika mýkri danslög til að þóknast þeim sem koma á böll til að hlýða á hann leika. Á sínum yngri árum dvaldi hann lengi við plötuspilarann og hlustaði á amerískt og breskt rokk með sveitum eins og The Eagles, Emerson, Lake & Palmer, Bítlumum og fleirum.

Fyrir nokkru opnaði Kristinn Pétur Njálsson plötusafn sitt fyrir lesendum Bæjarins besta og skoraði á Jón Hallfreð að gera slíkt hið sama. Jón tók áskoruninni og segir nú frá þeim tíu plötum sem áttu mestan þátt í móta tónlistarlíf hans. Jón Hallfreð skorar á Gunnar Árnason, sjómann á Júlíusi Geirmyndssyni að gefa lesendum blaðsins innsýn í plötusafn sitt sem er rosalega stórt.



**The Eagles: „Eagles“**

Fyrsta plata Eagles með lögum á borð við Take It Easy, Whitchy Woman og Peaceful Easy Feeling. Vesturstrandar-rokk eins og það gerist best og ekki versnuðu plötur þeirra eftir þessa. Ég hlustaði mikið á Eagles og aðrar svipaðar hljómsveitir, eins og Poco, Souther-Hillman-Fury-Band, Flying Burrito Brothers, New Riders Of The Purple Sage, Nitty Gritty Dirt Band, Jackson Browne o.fl. Þess má líka geta að ég sá Eagles á frábærum tónleikum í London í fyrra þar sem þeir tóku öll sín bestu lög. Pottþéttari tónleika hef ég ekki farið á.



**Emerson, Lake & Palmer: „Trilogy“**

Við kunningi minn skildum ekki hvernig nokkur gat hlustað á Emerson, Lake & Palmer. Þetta var mesta torf sem við höfðum heyrð, klassískskotin, ómstríð tónverk, oft upprunalega eftir klassíska höfunda, en útsett síðan fyrir hávaðasama rokkhljómsveit. Samt sem áður síaðist þetta inn og á endanum tók maður þetta fram yfir margt annað. Mest hlustaði ég á plöturnar Pictures At An Exhibition og áður-nefnda Trilogy.




**Hank Marvin & John Farrar: „Marvin & Farrar“**

Sungin Shadows-plata sem kemur skemmtilega á óvart frá Hank Marvin og John Farrar sem síðar samdi vinsælustu lögin í söngleiknum Grease. Þetta er þriðja plata þeirra féлага, en á hinum fyrri var Bruce Welch líka með. Þeir voru reyndar allir í Shadows líka á þessum tíma, auk þess sem restin af Shadows-mönnum spilar einnig á plötunum. Hér syngur Hank Marvin eins og hann hafi aldrei gert annað. Kassagítarpopp af bestu sort.



**The Beatles: „Hvíta albúmið“**

Ég hef alltaf verið meiri Bítlari en Stónsari þó ég hafi gaman af þeim líka og fleirum, eins og Kinks. Það er erfitt að gera upp á milli allra Bítlaplattananna, en þó held ég að ég hafi einna mest hlustað á Hvíta albúmið svokallaða, ef til vill vegna þess að það er tvöfalt. Þar er margar perlur að finna eins og Back In The USSR, While My Guitar Gently Weeps, I'm So Tired og Helter Skelter.



**The Byrds: „The Best Of The Byrds – Greatest Hits Volume II“**

Þetta var ein af fyrstu plötunum sem ég eignaðist og varð þess valdandi að ég keypti síðan allar aðrar plötur þeirra smátt og smátt. Þeir voru frumkvöðlar vesturstrandarrokksins og nokkurs konar bandarísk hliðstæða Bítlanna. Tíðar mannabreytingar urðu til þess að nátengdar hljómsveitir, sem ég hlustaði jafnframt mikið á, eins og Crosby, Stills, Nash & Young, urðu til.



**America: „Homecoming“**

Kassagítarpopp með faguðum röddum hefur alltaf skipað stóran sess í mínu lífi. Þessi plata með Ventura Highway, Don't Cross The River og fleiri lögum var mikið spiluð ásamt fleiri plötum með America. Þá voru oft aðrir svipaðir flytjendur á fóninum hjá mér eins og James Taylor, Jim Croce, Bread, David Gates, Seals & Crofts, Dan Fogelberg og fleiri.



**The Blues Band: „Live - Bye Bye Blues“**

Þarna eru samankomnir gamlir hundar úr Manfred Mann og fleiri sveitum að skemmta sér og öðrum. Ég hef að vísu ekki verið mikið fyrir blús, en gaurarnir fara á kostum á þessari tónleikaplötu. Þarna er meðal annars eitt magnaðasta munnhörpusól sem ég hef heyrð í laginu Flatfoot Sam.



**Gary Moore: „Wild Frontier“**

Margar gítarhetjurnar hafa haft áhrif á mig, eins og Eddie Van Halen, Stevie Vai og Yng-



wie Malmsteen, en enginn eins og Gary Moore. Hann býr yfir ótrúlegri tækni og lipurð, og er melódískari en hinir sem gera meira út á fingraleikfimi. Hann spilaði áður með Colosseum II og Thin Lizzy og hefur ætíð verið fremur blúskenndur, en á þessari plötu og t.d. Corridors Of Power er hann vel rokkaður og að mínu skapi.



**Creedence Clearwater Revival: „Green River“**

Þessi plata varð þess líklega valdandi að ég lagði í að læra á gítar. Ég var að vísu aðeins byrjaður að fíka með bassa, en þegar einföld og grípandi lög eins og Bad Moon Rising og Lodi náðu eyrum mínum, þá var ekki aftur snúið. Betri gítarkennsla býðst varla. Svo toppuðu þeir sjálfa sig með næstu plötu, Cosmo's Factory.



**Rainbow: „Bent Out Of Shape“**

Ritchie Blackmore klikkar aldrei. Hér eru frábær lög eins og Can't Let You Go og Street Of Dreams. Þá var platan Difficult To Cure ekki síðri. Bresku rokkararnir Led Zeppelin, Deep Purple, Uriah Heep, Jethro Tull o.fl. voru aðal rokkböndin um og eftir '70, síðan Bowie, Queen o.fl.. Amerísku böndin hlustaði ég minna á þar til síðar og þá helst Boston, Toto, Kansas, Blue Öyster Cult og Rush.

## Atvinnumál í Ísafjarðarbæ

# Stofnun eignarhalds- félags í athugun

Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ hafa hug á að beita sér fyrir stofnun félags sem taki þátt í nýsköpun „og öðrum arðsömum verkefnum“. Á fundi atvinnumálanefndar bæjarins fyrir skömmu var lagt til, að bæjarsjóður „verði frumkvöðull að stofnun eignarhaldsfélags í Ísafjarðarbæ, sem hefði það markmið að vera þátttakandi í nýsköpunarverkefnum og öðrum arð-

sömum verkefnum á Vestfjörðum. Miðað skal við að safna í upphafi 100 milljónum króna og gerir nefndin það að tillögu sinni að bæjarsjóður leggi 30 milljónir króna í félagið á næsta fjárhagsári.“

Bæjarráð fjallaði um þessa tillögu nefndarinnar og samþykkti að vísa henni til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

Fyrir nokkru komu þeir

Brynjólfur Þór Brynjólfsson, bankastjóri á Ísafirði, og Stefán Guðmundsson á fund atvinnumálanefndar vegna þessa máls. Þar fóru þeir yfir mögulega aðkomu Landsbanka Íslands að stofnun eignarhaldsfélags í Ísafjarðarbæ. Einnig hefur þetta mál verið rætt við fulltrúa Sparisjóðs Vestfirðinga og Íslenskra verðbréfa.

## Lögsagnarumdæmi Ísafjarðarbæjar

# Mikil veiði á mink og ref og grenjum fækkar

Í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarbæjar voru unnir mun fleiri minkar (237) og fullvaxnir refir (285) veiðiárið 2001-2002 en árin á undan. Hins vegar voru mun færri yrðlingar (67) veiddir en venjulega, ef undan er skilið næsta ár á undan. Samtals voru 587 dýr unnin á liðnu veiðiári sem er tvöfalt meira en árið á undan.

Skotmenn voru ráðnir á öll veiðisvæði í bæjarfélaginu.

Það var samdóma álit þeirra að mun færri greni hafi verið á liðnu veiðiári en undanfarin ár og telja þeir að það stafi af aukinni vetrarveiði.

Heildarkostnaður bæjarins við refa- og minkaveiðar á veiðiárinu var 2,9 milljónir króna en ríkið endurgreiðir helminginn. Meðalkostnaður á unnið dýr er því 4.940 krónur og þar af hlutur Ísafjarðarbæjar 2.470 krónur.

Veiðin síðustu fjögur veiði-

árin á svæðum Ísafjarðarbæjar skiptist þannig:

Veiðiárið 2001-2002: Refir 285, yrðlingar 67 og minkar 237 eða samtals 587 dýr. Veiðiárið 2000-2001: Refir 100, yrðlingar 23 og minkar 166 eða samtals 289 dýr. Veiðiárið 1999-2000: Refir 195, yrðlingar 145 og minkar 201 eða samtals 541 dýr. Veiðiárið 1998-1999: Refir 258, yrðlingar 153 og minkar 158 eða samtals 569 dýr.

## Dagur íslenskrar tungu á laugardaginn

# Hagyrðingakvöld í Edinborg í tilefni dagsins

Eftt verður til hagyrðingakvölds í Edinborg á Ísafirði á Degi íslenskrar tungu á laugardag, 16. nóvember, en þann dag árið 1807 fæddist Jónas Hallgrímsson skáld. Flosi Ólafsson leikari og hagyrðingur hefur stjórn með höndum en vestfirskir hagyrðingar sem koma fram verða Aðalsteinn

Valdimarsson, Jón Jens Kristjánsson, Ólína Þorvarðardóttir, Sjöfn Kristinsdóttir og Snorri Sturluson. Dómarar verða Elísabet Gunnarsdóttir arkitekt, Erlingur Sigtrygsson héraðsdómari og Harpa Jónsdóttir grunnskólakennari, sem nýlega hlaut íslensku barnabókaverðlaunin.

Dómarar munu sjá til þess að kveðskapur verði innan velsæmismarka. Ef hagyrðingur yrkir ósæmilega fær hann gula spjaldið, líkt og í knattspyrnuleik, og hætti hann ekki að klámi eða fjölmæli fær hann það rauða og verður frá að hverfa.

## Þjónustumiðstöð Vegagerðarinnar á Ísafirði

# „Miðpunktur í samskiptum þegar eitthvað er að færð“

Fjórir starfsmenn Vegagerðarinnar á Ísafirði sátu fyrir skömmu námskeið á vegum tölvufyrirtækisins Netheima á Ísafirði í notkun teikniforritanna Corel Draw og Freehand en forrit þessu eru notuð við teikningu á vegskiltum. Eins og fram hefur komið var á sínum tíma bætt við nokkrum stöðugildum þjónustufulltrúa hjá Vegagerðinni á Ísafirði, en þeir sjá meðal annars um

rekstur skiptiborðs Vegagerðarinnar á landinu öllu.

„Þetta er ekki bara símsvör- un heldur er starfið í raun miklu víðtækara. Þessir þjónustufulltrúar eru í reynd að sjá til þess að upplýsingar séu færðar í öll kerfi til að koma þeim á alla miðla. Þeir eru miðpunktur í samskiptum þegar eitthvað er að færð og eru með bakvaktarsíma ef eitthvað kemur upp á“, segir Ein-

ar Pálsson, verkefnisstjóri hjá Vegagerðinni.

„Þjónustufulltrúarnir fjórir á Ísafirði, auk tveggja í Reykjavík, svara í síma 1777 og gefa upplýsingar um færð á vegum. Einnig fylgjast þeir með öllum veðurathugunarstöðvum Vegagerðarinnar sem eru á milli 60 og 70 talsins. Þá teikna þeir inn á vegskilti og færa upplýsingar um færð inn í kerfið“, segir Einar.



Marzellíus Sveinbjörnsson varð annar í heildina en sigraði í flokki hinna eldri. Fyrir aftan hann er Rósa Þorsteinsdóttir sem sigraði í kvennaflokki.

## Haustmót í þríþraut á Ísafirði

# Einar Yngvason sigraði

Nú tóku þátt í haustmóti Vasa2000 hópsins í þríþraut sem haldið var á Ísafirði á laugardag en sigurvegari varð Einar Yngvason. Mótinu hafði tvívegis verið frestað vegna hálfu á vegum sem þykir óheppileg fyrir hjólréiðar, eina þeirra þriggja keppnisgreina sem þríþraut er samsett úr. Keppnin hófst með 700 metra sundi. Skíðagöngumaðurinn Einar Yngvason stóð sig best í þeirri grein og hafði ríflega hálftrar mínútu forskot á næsta mann, Rúnar Óla Karlsson, áður en lagt var af stað í 17 kílómetra hjólréiðalegg þríþrautarinnar. Marzellíus Sveinbjörnsson var áberandi röskastur á reiðhjólunum. Hann fór fram úr öllum sínum keppnautum og hafði um 40 sekúndna forskot á þá



Sigurvegarinn, Einar Yngvason tekur á í sundinu.

Einar og Rúnar þegar haldið var í lokaáfangann, 7 kílómetra hlaup. Einar Yngvason reyndist öflugastur í þeirri grein, hljóp Marzellíus af sér og kom fyrstur í mark. Annar varð Marzellíus Svein-

björnsson sem jafnframt tryggði sér sigur í eldri flokki. Þá sigraði Rósa Þorsteinsdóttir í kvennaflokki, en reyndar var hún eini kvenkyns keppandinn.



Börnin ofan á þaki flugstöðvarinnar á Ísafjarðarflugvelli. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

## Skólakrakkar heimsóttu Flugturninn á Ísafirði

# Liður í „turnaverkefni“

Krakkarnir í 7. bekk S í Grunnskólanum á Ísafirði brugðu sér í heimsókn í Flugturninn á Ísafjarðarflugvelli. Var þetta liður í „turnaverkefni“ barnanna sem hafa haft mikinn áhuga á turnum ýmiskonar eftir að

flogið var á tvíburaturnana í New York 11. september í fyrra.

„Í september fórum við og heimsóttum ýmsa turna á Ísafirði, til dæmis Blómaturinn og turninn í Neðstakaupstað en við höfðum þá ekki tíma

fyrir Flugturninn. Við bættum úr þessu á föstudaginn og fengum sínar móttökur hjá henni Arnþrúði Aspelund“, segir Sigríður Steinunn Axelsdóttir, kennari 7. bekkjar S.

# Fjölbreyttara atvinnulíf – öflugri samfélög

Mikilvægi þess að efla landsbyggðina hefur verið mikið í umræðunni á undanförunum árum. Þeir sem þátt hafa tekið í þeirri umræðu virðast sammála um að aðgerða sé þörf til eflingar á atvinnu- og gæðum landsbyggðarinnar og fjölgunar íbúa. Ítrekað hafa verið samþykktar ályktanir á Alþingi um þetta mikilvæga mál. Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum 2002-2005 er m.a. lögð áhersla á aðstoð við byggðarlög á landsbyggðinni, styrkingu búsetuskilyrða og fjölbreyttara atvinnulífs. Þrátt fyrir ýmsar aðgerðir til að ná markmiðum Alþingis er fullljóst að það starf þarf að verða mun öflugra og markvissara svo viðunandi árangur náist.

Nauðsynlegt er að gera landsbyggðina að raunhæfum valkostum. Megináherslu þarf að leggja á eflingu atvinnulífs, menntun íbúa og styrkingu

samfélaga. Öflugt atvinnulíf er frumskilyrði fjölgunar íbúa og styrkingu samfélaga. Ein leið til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni er í gegnum skattkerfið. Má þar nefna tryggingagjald rekstraraðila, virðisaukaskatt og þungaskatt. Afnám eða lækkun þungaskatts, lægra tryggingagjald fyrirtækja á landsbyggðinni og aukin jafnræði í virðisaukaskattbyrði neytenda í landinu leiðir ekki einvörðungu til aukinna umsvifa í rekstri fyrirtækja úti á landi heldur einnig til eðlilegra jafnvægis í lífskjörum einstaklinga.

Atvinnuþróunarfélög gegna veigamiklu hlutverki í eflingu atvinnulífs. Viðtæk og öflug aðstoð við fyrirtæki og hverskyns frumkvöðlastarfsemi er afar dýrmæt ef árangri skal ná í nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífinu. Því þarf að efla staðbundin atvinnuþróunarfélög og mynda

þannig þétrið stuðningsnet við þann rekstur sem fyrir er og þá aðila sem fást við nýsköpun í atvinnumálum. Fjármagn til byggðamála þarf því í auknum mæli að renna til atvinnuþróunarfélaga vítt og breitt um landið.

Aðgengi frumkvöðla að fjármagni þarf að skoða sérstaklega. Í kjölfar samdráttar á hlutabréfamarkaði virðist erfiðara fyrir frumkvöðla að afla fjármagns til þróunar og uppbyggingar. Heildstætt og öflugra styrkja- og lánakerfi fyrir fyrirtæki í nýsköpun er því nauðsynlegt svo efla megi

atvinnulíf á landsbyggðinni.

Herra menntunarstig á landsbyggðinni er afar þýðingarmikið til að ná árangri í eflingu samfélaganna og nauðsynlegt að grípa til hvetjandi aðgerða í því sambandi. Lengri endurgreiðslutími námslána hjá þeim einstaklingum sem búsettir eru á landsbyggðinni er ein leið til að ná markmiðum um aukin menntunarstig. Ljóst er að slík leið felur í sér ójafnræði meðal einstaklinga en í þessu samhengi er hér um að ræða jákvæða mismun sem getur talist nauðsynleg.

## „Megináherslu þarf að leggja á eflingu atvinnulífs“



Elín R. Líndal skrifar

Við eflingu atvinnulífs, menntunar og samfélaga er sérlega aðkallandi að skapa möguleika til öflugra rafræna gagnaflutninga og nýta sér jafnframt þá gríðarlegu möguleika sem felast í allri tölvu- og upplýsingatækni. Þannig verður hægt að byggja upp mannauð á landsbyggðinni með sköpun tækifæra á sviði menntunar og atvinnu óháð búsetu og einstaklingar geta náð markmiðum sínum á því sviði hvar sem er á landinu. Öflug menntun á framhalds- og háskólastigi með fjarkenn-

slu og hverskyns fjarvinnslu er orðin að raunhæfum möguleika sem þarf að nýta til fullnustu. Tölvu- og upplýsingatæknin hefur stýtt allar vegalengdir innanlands sem og milli landa þannig að nú skiptir minna máli hvar fólk býr. Við skulum ávallt hafa í huga að fjölbreytni í atvinnulífi gerir efnahag byggðanna stöðugri og eykur flóru mannlífsins.

Elín R. Líndal gefur kost á sér í 3. sæti Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi.

## Fasteignum Ísafjarðarbæjar ehf. skipuð stjórn

# Annast rekstur og útleigu á nærri 200 íbúðum

Skipan fyrstu stjórnar Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. verður staðfest á næsta fundi bæjarstjórnar og munu aðalmenn verða Halldór Margeirsson fyrrverandi bankaútibússtjóri, Snorri Hermannsson húsasmíðameistari og Þorleifur Pálsson bæjarritari. Samþykktir fyrir félagið voru gerðar í vor en það er að öllu leyti í eigu Ísafjarðarbæjar. Félaginu er fyrst og fremst ætlað að annast rekstur og útleigu á félagslegum leigubúðum í eigu bæjarins, auk annarrar fasteignauskýslu. Íbúðir í eigu Ísafjarðarbæjar eru nú

rétt um 190 talsins, að sögn Birgis Valdimarssonar húsnaðisfulltrúa.

Réttur til íbúðarhúsnæðis sem ráðstafað er til útleigu á vegum félagsins skal vera bundinn skilyrðum um tekju- og eignamörk og aðstæður umsækjenda.

Varamenn stjórnar Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. verða Björn Jóhannesson, lögmaður, Guðrún K. Guðmannsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, og Þórir Sveinsson, fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar.



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

**Arnar G. Hinriksson hdl.**

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

## Fasteignaviðskipti

### Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

## STAKKUR SKRIFAR

# Einar (Kristinn og Oddur)!

Niðurstöður prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi liggja fyrir þótt talningu hafi ekki lokið fyrir en um klukkan tvö síðustu mánudagsnótt. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hlaut 1.433 atkvæði í fyrsta sætið og fékk samtals 65,4% atkvæða. Einar Kr. Guðfinnsson alþingismaður varð í öðru sæti með 2.510 atkvæði í fyrsta og annað sæti og fékk samtals 80% atkvæða. Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður hlaut þriðja sæti og fékk 2.816 í fyrsta til þriðja sæti og samtals 77,2% atkvæða.

Gild atkvæði í prófkjörinu voru samtals 5.789 en auð og ógild 205 og alls voru greidd atkvæði 5.994. Guðjón Guðmundsson alþingismaður hafnaði í 4. sæti með 2.768 atkvæði í fyrsta til fjórða sæti og Vilhjálmur Egilsson alþingismaður í fimmta sæti með 3.059 atkvæði í fyrsta til fimmta sæti. Jóhanna Erla Pálmadóttir hafnaði í sjötta sæti með 3.839 atkvæði. Niðurstæða prófkjörs er bindandi varðandi sex efstu sætin. Birna Lárusdóttir hafnaði í 7. sæti með 3.835 atkvæði, Ragnheiður Hákonardóttir í 8. sæti með 2.597 atkvæði, Skjöldur Orri Skjaldarson í 9. sæti með 2.254 atkvæði og Jón Magnússon í 10. sæti með 2.162 atkvæði.

Það veur sérstaka athygli hve mjótt var á munum milli þeirra Vilhjálms Egilssonar og Sturlu, aðeins 41 atkvæði. Þau dugðu hins vegar Sturlu til þess að hljóta fyrsta sætið. Hitt veur enn frekar eftirtekt hversu glæsilegur árangur þeirra þingmanna Vestfjarða og nafnanna Einars Odds og Einars Kristins er. Áhyggjur þær sem hér hafa komið fram undanfarnar vikur hverfa nú eins og

dögg fyrir sólu. Raddir Vestfirðinga munu áfram hljóma á Alþingi og ríður því á miklu að framhaldið verði í samræmi við sem á undan er gengið.

Í fyrsta sætið raðaðist þannig að Sturla var efstur, Vilhjálmur annar, Guðjón þriðji og Einar Kristinn fjórði. Vekur það spurningar um það með hvaða hætti prófkjörsbaráttan var rekin af hálfu Vestlendinga og grun um að orðrómur um kosningabandalög hafi átt við rök að styðjast. Hvort sem sú er raunin eður ei, þá skiptir máli að þeir nafnar munu fá gott vegarnesti úr niðurstöðum prófkjörsins til þess að gegna áfram hagsmunum okkar Vestfirðinga á gerbreyttu Alþingi að loknum kosningum vorið 2003.

